




ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

# Flórgoðinn

## Meðal efnis í þessum Flórgoða:

- Í skólabyrjun
- SMT skólafærni
- Árgangastjórar
- Skólaheit
- Skólakynningar
- Skólafærninámskeið
- Snemma í háttinn - hress og kát í skólanum



Hleypum sólinni inn

## Í skólabyrjun

Kæru nemendur foreldrar / forráðamenn

Þá er fimmta starfsár Áslandsskóla hafið.

Í vor leit út fyrir fækkun nemenda með tilkomu Hraunvallaskóla en líkt og önnur haust bættist við þó nokkur hópur. Því stunda nú um 450 nemendur nám við skólann.

Að mörgu er að hyggja er skólahald hefst að hausti.

Nokkrir nýir kennarar hafa bæst í hópinn, nýir aðrir starfsmenn og svo auðvitað fjölmargir nýir nemendur. Allan þennan stóra hóp bjóðum við hjartanlega velkominn í skólasamfélagið okkar hér í Áslandi.

Sumir hverjir eru nú að hefja skólagöngu sína og það hlýtur að vera tilhlökkunarefni að ganga í jafn glæsilegan skóla sem Áslandsskóli sannarlega er. Því er mikilvægt að innra starf hans sé líka glæsilegt og að allir leggi metnað sinn í að svo verði.

Nemendur í 1. bekk er stór og myndarlegur hópur í skólanum okkar og því ljóst að öll þurfum við að sýna hjálpssemi og samkennd svo aðlögun þeirra að daglegu skólalífi verði með jákvæðum hætti.

Það þurfa allir að hjálpast að við að búa til góðan skóla þar sem vellíðan nemenda, vönduð vinnubrögð og góður námsárangur eru í forgrunni. Samstarf heimila og skóla verður

að vera traust og með jákvæðum hætti og mikilvægt er að foreldrar séu virkir þátttakendur og vel upplýstir um starfsemi skólans.

Þá er einnig lyklatríði að nemendur temji sér náms- og vinnuaga og að faglegur metnaður ríki meðal starfsmanna skólans.

Jákvætt skref hefur verið stigið varðandi sérfræðipjónustu skólanna með þeim hætti að skólasálfræðingar hafa nú aðsetur úti í skólunum. Edda Víkar Guðmundsdóttir er skólasálfræðingur við Áslandsskóla og verður hún með aðsetur í skólanum á þriðjudögum og fimmtudögum í vetur.

Undanfarið ár hefur teymi starfsmanna unnið að undirbúningi við innleiðingu á SMT skólafærni. Því verkefni verður hrint í framkvæmd þegar í upphafi skólaársins. Forráðamenn og nemendur munu sjá skýr fyrirmæli hanga á veggjum skólans sem útbúin hafa verið fyrir ákveðin svæði skólans. Þá geta nemendur fengið "fugla" fyrir að sýna jákvæða hegðun í starfi skólans. Fuglunum er síðan safnað saman í umsjónarbekk nemandans eftir að hann hefur farið með "fuglinn" heim og sýnt forráðamönnum. Nánar verður farið yfir SMT skólafærni í tengslum við skólakynningar í

árgöngum og í þessu blaði.

Nokkur hópur nemenda í 5.-10. bekk býr á Völlum. Ákveðið hefur verið að þeir verði teknir upp á tveimur stöðum að morgni en komi síðan heim með strætisvagni. Miða í strætó verður hægt að fá á skrifstofu skólans.

Starfsfólk hélt í velheppnaða námsferð til Skotlands í vor. Þar fengum við margar góðar hugmyndir sem koma til með að nýtast vel í starfi.

Um leið og ég óska starfsfólki, nemendum, forráðamönnum velfarnaðar á því skólaári sem nú er farið af stað vil ég minna okkur öll á að allir eiga rétt á því að vera þeir sjálfir. Við þurfum að hugsa vel um hvort annað, bera virðingu hvort fyrir öðru og hjálpast að við að gera góðan skóla enn betri.


*Því nú hef ég fundið nýjan vin með næma sál og bjarta. Og ávallt meðan ég andan dreg áttu pláss í mínu hjarta.*

**Leifur S. Garðarsson**

Skólastjóri

(pistla skólastjóra má líka finna á [www.aslandsskoli.is](http://www.aslandsskoli.is))

# SMT í Áslandsskóla



Eins og áður er getið tekur Áslandsskóli SMT skólafærni verkefni í notkun nú í skólabyrjun.

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar hefur ásamt Félagsþjónustu Hafnarfjarðar og Heilsugæslu Hafnarfjarðar innleitt PMT-foreldrafærni í Hafnarfjörð í samráði við Oregon Social Learning Center. PMT-foreldrafærni er meðferðarúrræði fyrir foreldra barna með hegðunarerfiðleika og byggir á áratuga rannsóknum sem sýna góðan árangur. Foreldrar fá aðstoð við að brjóta víthring samskipta sem hefur myndast, með því að kenna þeim styðjandi uppeldisaðferðir. Verkefnið hefur gengið vel og foreldrar hafa almennt verið ánægðir með árangur PMT-foreldrafærni.

Í kjölfar þess var ákveðið að innleiða SMT-skólafærni sem byggir á sama hugmyndafræðilega grunni og áratuga rannsóknum líkt og PMT.

Víðistaðaskóli og Lækjarskóli hófu undirbúning SMT skólafærni hjá sér fyrir tveimur árum og innleiðing hófst á síðasta skólaári.


Nú bætast Áslandsskóli og Engidalsskóli (um áramót) í hópinn.

Myndað var SMT teymi innan skólans sem í sitja Leifur S. Garðarsson skólastjóri, Unnur Elfa Guðmundsdóttir aðstoðarskólastjóri, Björk Einisdóttir námsráðgjafi, Edda Vikar Guðmundsdóttir skólasálfræðingur og kennararnir Rannveig Hafberg, Hulda Gunnarsdóttir, Auður Óskarsdóttir, Kristín Jóna Magnúsdóttir og Björk Pétursdóttir. Teymið hóf störf sl. skólaár við undirbúning og efnissöfnun. Helstu verkefni teymisins voru að:

- Finna leiðir til að virkja allt starfsfólk til að umbuna nemendum fyrir jákvæða hegðun með almennum og formlegum hætti.
- Ákveða viðurlög við ólíkum hegðunarfrávikum.
- Skilgreina hvað eru minniháttar frávik og hvað eru alvarleg hegðunarfrávik.
- Finna viðeigandi afleiðingar við óæskilegri hegðun sem eru breytilegar að styrkleika og fylgja alvarleika hegðunar.

Markmiðið með innleiðingu á SMT skólafærni er að auka jákvæða hegðun og draga úr eða koma í veg fyrir óæskilega hegðun.

- Búa til reglur um jákvæða hegðun nemenda á helstu stöðum innan skólans.
- Ákveða hvernig kenna á nemendum reglurnar og hvernig gera má þær sýnilegar.



# **SMT - REGLUTAFLA**

Kemur tafla á sérblaði

## Snemma í háttinn hress og kát í skólanum

Þann 1. september breytist útvistartíminn og börn 12 ára og yngri mega ekki vera úti eftir kl. 20:00.

Unglingar 13 - 16 ára, þau sem eru í unglingadeildum grunnskóla mega vera úti til kl. 22:00.

Foreldrar hafa auðvitað fullan rétt á að stytta þennan útvistartíma og margir hafa gert það, sérstaklega foreldrar barna í 8. bekk.

Foreldrar og aðrir sem tengjast börnum eru hvattir til að virða reglur um útvistartímann. Börnin þurfa sinn svefn og mæta iðulega snemma í skólann. Hlúa þarf að heimalærdómi og gott er að eiga samverustundir inni á heimilinu á kvöldin.

Hinsvegar hafa íþróttafélag og æskulýðsstarf Hafnarfjarðar undanþágurétt gagnvart þessum reglum en ljóst er að tilefni til undanþágu verða æ fátiðari. Þó eru félagsmiðstöðvar opnar á föstudagskvöldum en þá er engin skóli daginn eftir.

## Skólafærninámskeið

Skólafærninámskeið fyrir forráðamenn nemenda í 1. bekk verður haldið nú í byrjun september.

Á námskeiðinu verður farið í ýmiss atriði er tengjast skólastarfinu, reglur, venjur og fleira.

Starfsmenn kynna verksvið sitt, kynning á fræðsluviði bæjarins, stund með umsjónarkennara auk þess sem utanaðkomandi aðili verður með fyrirlestur. Nánar síðar.

## Skólafatnaður

Í vikunni fyrir skólabyrjun mátuðu og pöntuðu milli 60% og 70% nemenda nýjan skólafatnað.

Nýir bolir frá HENSON og nýjar buxur frá sama fyrirtæki, ásamt flíspeysu frá 66° Norður mynda skólafatnað Áslandsskóla.

**Af gefnu tilefni skal þess getið að algerlega óheimilt er að nota merki skólans á annan fatnað eða setja annað en nafn nemanda á skólafatnaðinn.**

Ákveðið hefur verið að hafa auka mátunar- og pöntunardag mánudaginn 29. ágúst milli kl. 14:30 - 17:00.

Mikilvægt að þeir sem eiga eftir að panta mæti til mátunar og pöntunar

## Skólaheiti

**Ég heiti því að koma fram við aðra eins og ég vil að aðrir komi fram við mig.**

**Ég vil leggja mig fram um að bera virðingu fyrir sjálfum mér og öðrum.**

## Skólakynningar

Skólakynningar verða í öllum árgöngum á næstu dögum.

Á skólakynningum munum umsjónarkennarar fara yfir ýmiss atriði er tengjast skólastarfinu í vetur, s.s. námsefni, reglur, venjur auk áhersluatriða.

Í kjölfar hverrar kynningar verður kynning á SMT skólafærni fyrir forráðamenn.

Reikna má með að kynning umsjónarkennara taki um klst og SMT kynningin annað eins. Forráðamenn í 1. bekk verða ekki boðaðir þar sem sérstakt skólafærninámskeið verður fyrir þá.

## Árgangastjórar

Árgangastjórar á skólaárinu verða fjórir talsins.

**Rannveig Hafberg** er árgangastjóri í 1. og 2. bekk.

**Hulda Gunnarsdóttir** er árgangastjóri í 3. og 4. bekk.

**Auður Óskarsdóttir** er árgangastjóri í 5.—7. bekk.

**Kristín Jóna Magnúsdóttir** er árgangastjóri í 8. –10. bekk.



Kríúási 1  
221 Hafnarfirði

Sími: 585 4600  
Bréfsími: 585 4610  
www.aslandsskoli.is  
aslandss@ismennt.is

**[www.aslandsskoli.is](http://www.aslandsskoli.is)**

*Flórgoðinn*

**Fréttablað  
Áslandsskóla**

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:

**Leifur S. Garðarsson**  
skólastjóri